

Ellidavatn hitnar!

Fræðsluerindi HÍN mánudag 30. maí

Síðasta fræðsluerindi HÍN fyrir sumarannir verður haldið **nk. mánudag 30. maí, kl. 17:15, í stofu 132, í Öskju**. Fyrirlesari verður dr. **Hilmar J. Malmquist** líffræðingur og forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs og flytur erindi sem hann nefnir; *Hlýnun Ellidavatns og áhrif á lífríki*.

Náttúrufræðistofa Kópavogs lauk nýverið eins árs vöktunarverkefni á eðlis- og efnabáttum og smádyrastofnum í Ellidavatni. Auk eigin rannsóknargagna voru tekin saman mæligögn frá öðrum aðilum, þ. á m. gögn um vatnaefnafræði og aflabrögð. Verkefnið var unnið fyrir Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ í tengslum við þéttingu byggðar á vatnasviðinu. Meginniðurstöður eru þær að flestar efnabreytur og smádyrastofnar í vatninu, sem einkum eru botnkrabbar, koma fyrir í eðlilegu magni miðað við gerð og eðli vatnsins, sem er mjög grunnt lindarvatn með ör vatnsskipti. Ekki sjást merki á lífríkinu um álag af völdum næringarefna. Hins vegar vekur athygli hve álstyrkur er hár í vatninu og jafnframt hve basískt vatnið er árið um kring. Þá er vatnshiti einnig mjög hár á sumrin, allt að 21 °C. Langtímamælingar á vatnshita á tímabilinu 1988-2004 sýna að vatnið hefur hitnað umtalsvert á tímabilinu. Mest er hitaaukningin á vorin og síðla sumars. Hækkun vatnshitans fellur saman við hækkun í lofthita á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 1983-2004. Afleiðingar vatnshitahækkunarinnar fyrir lífríki Ellidavatns eru óljósar. Ekki er þó útilokað að hitaaukningin ásamt basísku umhverfi og háum álstyrk eigi sinn þátt í fækkun bleikju í vatninu, en bleikjustofninn hefur farið stöðugt minnkandi frá því um miðjan níunda áratug síðustu aldar.

Aðgangur á fræðsluerindi HÍN er ókeypis og öllum opinn.

Gleðilegt sumar!

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Afgreiðsla félagsins er hjá Náttúrufræðistofnun Íslands
Hlemmi 3, 125 Reykjavík
Netfang: hin@hin.is
Sími: 5900500
Ábm. félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist

Félagsbréf



3. tölublað

Maí 2005

30. árgangur

Sigt um Sundin blá – Náttúruskoðun ofansjávar og neðan!

Fræðsluferð HÍN laugardag 28. maí

Í fyrra var bryddað upp á nýjung í fræðsluferðum HÍN og siglt frá Reykjavíkurhöfn um Sundin. Ferðin þótti takast vel og ekki spillti veðrið fyrir. Því hefur nú verið ákveðið að bjóða aftur upp á ferð með líku sniði utan hvað nú verður meðferðis kvikmyndatökuvél, ætluð til notkunar neðansjávar. Vélinni má beita á allt að 50–60 m dýpi. Jafnframt er hún tengd við sjónvarpsskjá um borð og þannig ná menn jafnóðum að fylgjast með því sem fyrir linsu ber í undirdjúpunum.

Meðal annars verður siglt út að Lundey og lónað umhverfis eyna og farið um Þerneyjarsund að Viðey og ef tími vinnst til stigið á land og m.a. skoðaður fjörugróður. Ferðin tekur um fjórar klst.

Fararstjórar og leiðbeinendur í ferðinni eru að venju fyrsta flokks: **Arnór Sigfússon fuglafræðingur** og starfsmaður Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, **Árni Hjartarson jarðfræðingur** hjá Ísorku og **Konráð Þórisson líffræðingur** hjá Hafrannsóknastofnun.

Brottför er kl. 13:00 og lagt úr Reykjavíkurhöfn frá **Árnesi**/veitingaskipi við **Hafnarbúðir** (nú veitingastaðurinn Tveir Fiskar). **Maríusúð** nefnist farkosturinn eftir skipi í eigu Skálholtstóls fyrr á öldum.

Sigt um Sundin...framhald

Fargjald á mann í bátsferðina um Sundin er **kr. 3.000** (óbreytt frá fyrra ári) , en frítt er fyrir börn innan tólf ára aldurs.

Félagsmenn eru hvattir til að skrá sig í ferðina annað hvort með því að hafa samband við skrifstofu Náttúrufræðistofnunar Íslands í síma **590 0500** eða með því að senda tilkynningu á veffangið **stjorn@hin.is**

Þá eru menn hvattir til að taka með sér gesti enda allir velkomnir meðan skipsrúm leyfir.

Gott er að hafa nestisbita með sér.

Hitakær smádyr

Hverafluga, laugakönguló og laugaló draga allar nafn sitt af kjörlendi sínu á jarðhitasvæðum. Tegundirnar eru allar hitakærar og bundnar við jarðhitasvæði. Hin eiginlega hverafluga (*Scatella tenuicosta* forma *thermarum*) er afbrigði af tegundinni *Scatella tenuicosta*, sem finnst víða um land og lifir ekki á jarðhitasvæðum. Hveraflugan er oft mjög áberandi við hveru og laugar og þekur gjarnan þörungabreiður sem standa upp úr vatninu. Flugan verpir eggjum sínum í þörungagróðurinn og nærast lifunar á honum og geta lifað við allt að 42 °C. Laugaköngulóin (*Pirata piraticus*) er nokkuð algeng á jarðhitasvæðum víða um land svo og á stöðum þar sem svipaðar aðstæður eru fyrir hendi. Köngulærnar má oft sjá hlaupandi um á þörungagróðrinum. Laugalóin (*Diplocephalus permixtus*) er mjög sjaldgæf á Íslandi og hefur aðeins fundist á fjórum stöðum á landinu í nágrenni heitra lauga og hvera.

Úr fórum Erlings Ólafssonar, Náttúrufræðistofnun Íslands

Gengið um Grændal

Fræðsluferð HÍN fimmtudag 23. júní

Önnur fræðsluferð HÍN á árinu verður farin fimmtudag 23. júní og er ferðinni heitið í Grændal, einn þriggja dala sem liggja til norðurs úr Ölfusdal, skammt norðvestan við Hveragerði.

Jarðhiti og gróður er óvenju fjölbreyttur í Grændal og er dalurinn á náttúruminjaskrá (nr. 752). Í nýju náttúruverndaráætluninni sem verið hefur til umfjöllunar á Alþingi er gerð tillaga af hálfu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar um að Grændalur og Reykjadalur, næsti dalur fyrir vestan Grændal, verði að friðlandi. Í forsendum fyrir tillögunni stendur m.a. að „*Jarðhitasvæði í líkingu við Grændal eru sennilega ekki til í Evrópu utan Íslands og eitt fágætra slíkra svæða í heiminum.*“

Grændalur á undir högg að sækja þar sem áætlanir eru um að leggja veg eftir dalnum og bora þar rannsóknar- og síðan vinnsluholur til að virkja jarðhitann. Fyrrverandi umhverfisráðherra frestaði þessum aðgerðum vegna sérstöðu dalsins hvað varðar jarðhita og gróður og er tilvalið að skoða þennan stað á meðan hann er ósnortinn. Núverandi félagsmálaráðherra, þáverandi sveitarstjórnarmaður í Hveragerði, mótmælti á sínum tíma fyrirsjáanlegu brólti og skarki í Grændal vegna áforma um jarðvarmanýtingu.

Athygli er vakin á því að þátttakendur verða sjálfir að koma sér á áfangastað og til baka. **Mæta skal kl. 17:00 við sölustöð Essó næst Suðurlandsvegi í Hveragerði.** Fólk eru hvatt til að ræða sín á milli um bílasamflot. Þá er möguleiki að fá bílfar með skipuleggjendum. Vinsamlega tilkynnið þátttöku á skrifstofu Náttúrufræðistofnunar Íslands í síma **590 0500** eða með því að senda skeyti á veffangið **stjorn@hin.is**

Gengið verður upp Grændal og til baka, en þeir sem vilja geta snarað sér yfir hálsinn og komið niður Reykjadal. Gangan er létt og má gera ráð fyrir að gönguferðin taki um 3 klst. Fyrir þá sem þurfa verður ferjað yfir Varmá, en vegslóðin inn Ölfusdal liggur yfir ána sem þó er fær góðum bílum.

Leiðangursstjórar eru tveir valinkunnir fræðimenn og þaukunnugir svæðinu, þeir **Eyþór Einarsson grasafraeðingur** og **Helgi Torfason jarðfraeðingur** hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Farsími með í för hjá Helga er **8990868**.